

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 09.02.2022, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG) og Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir (PBS).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerðar

Lögð var fram til samþykktar eftirfarandi fundargerð:

- Aðalstjórnarfundur haldinn 19. janúar sl.

Niðurstaða: Var fundargerð aðalstjórnarfundar 19. janúar samþykkt.

2. Fyrstu drög að ársreikningi fyrir árið 2021 kynnt

BS fór yfir fyrstu drög að ársreikningi fyrir árið 2021, fyrir félagið í heild og einstaka deildir þess. Hefur uppgjör dregist vegna vandræða við afstemmingar í nýju greiðslukerfi æfingagjalda félagsins, Sportabler. Verið er að vinna að úrlausn á þeim málum í samráði við forsvarsmenn Sportabler sem gætu haft minniháttar áhrif á endanlega rekstrarniðurstöðu félagsins fyrir árið 2021. Stefnt er á að endanlegur reikningur liggi fyrir á næsta stjórnarfundum í mars.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. DMG

PBS og ÁIP fóru yfir samtöl sem þær hafa átt við fulltrúa DMG varðandi mögulega sérfræðipjónustu til félagsins. Horft var til tvenns konar þjónustu, annars vegar inngríps og sérfræðipjónustu fyrir iðkendur, sjálfboðaliða og starfsfólk sem hefði orðið fyrir einhvers konar ofbeldi eða áfalli í tengslum við iðkun/ störf á vegnum félagsins og hins vegar aðstoðar í formi fræðslu og forvarna.

Niðurstaða: Þó nokkur umræða átti sér stað innan stjórnarinnar um málið og allir stjórnarmenn sammála um að mikilvægt væri að félagið hefði sterka aðstoð fagaðila sem hægt væri að leita til með málefni af þessum toga. Í dag er Stjarnan með aðgang að þjónustu frá samskiptaráðgjafa ÍSÍ og Æskulýðsvettvangsins og voru stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að boðleiðir og verkferlar innan félagsins í þessum málefnum væru skýr. Ákveðið var að afla frekari upplýsinga, m.a. frá samskiptaráðgjafa ÍSÍ, til að meta að hvaða leyti aðstoð einkaaðila á borð við DMG myndi skarast við aðstoð þeirra fagaðila sem félagið hefur nú þegar aðgang að í gegnum íþróttahreyfinguna.

4. Dagsetning á Aðalfundi og tilkynning frá formanni til stjórnar

SG upplýsti aðalstjórn um að sökum þess að hann hefur nýverið tekið við krefjandi starfi forstjóra í einkafyrirtæki muni hann ekki hafa tæk á að gefa kost á sér til endurkjörs sem formaður aðalstjórnar félagsins á aðalfundi í vor.

Það liggur því fyrir að breytingar munu verða á aðalstjórn á næsta aðalfundi. Rætt var um hugsanlegar dagsetning fyrir Aðalfund en ákveðið var að fresta ákvörðun þar til á stjórnarfundum í mars.

Niðurstaða: til upplýsinga

5. Önnur mál

ÁIP og BS viku af fundi. Stjórn hélt áfram umræðu í framhaldi af 3. dagskrárlið um þá þjónustu fagaðila sem félaginu stendur til boða þegar upp koma samskiptavandamál, einelti og/eða ofbeldismál innan félagsins.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:45 – ritað ÁIP.